



UMSÖGN

Viðtakandi: Nefndasvið Alþingis

Sendandi: Reykjavíkurborg

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf, 25.mál

Reykjavíkurborg tekur vel í tillögu um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf. Í lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar sem er í gildi til 2030 (aðgerð 3.5) er fjallað um þróun og innleiðingu á lýðheilsumati í Reykjavíkurborg í samstarfi við Embætti landlæknis. Lýðheilsumat er til í ólíkum útfærslum og hefur borgin hafið innleiðingu annars vegar með afturvirku lýðheilsumati á áhrifum Covid-19 á borgarbúa og hins vegar með framsýnu lýðheilsumati á fyrsta áfanga borgarlínu. Með innleiðingu á lýðheilsumati gefst stjórnvöldum tækifæri til þess að meta ákvarðanir út frá áhrifum á lýðheilsu þar sem niðurstöður lýðheilsumats sýna fram á tengsl heilbrigðis við annarra málaflökka og stuðlar þannig að nýtingu gagna og þverfaglegar greiningar á því á hvaða hátt ákvarðanir hafa áhrif á velsæld íbúa. Innleiðing á mati sem þessu nýtist í greiningu á valkostum og úrbótum sem koma t.a.m. í veg fyrir sjúkdóma, meiðsli og styðja við heilsueflingu. Einnig er vert að taka fram að mikilvægt sé að tryggja skýra verkferla, markmið og tilgang lýðheilsumats inn í íslenska löggjöf. Til þess að svo verði ítrekum við mikilvægi þess að þátttöku hagsmunaaðila þ.m.t. sveitarfélög og stofnanir en þátttaka hagsmunaaðila er stór þáttur í lýðheilsumati og því mikilvægt að draga fram þeirra sjónarmið fram á faglegum vettvangi. Þá er brýnt að áhersla verði lögð á að tekið sé tillit til allra og þannig sé stuðlað að jöfnuði og sjálfbærrar þróunar.

Harpa Þorsteinsdóttir
Verkefnastjóri lýðheilsamála
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara